

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjaness þriðjudaginn 16. júní 2015 í máli nr. X-19/2014:

Elín H. Hauksdóttir

(Hilmar Magnússon hrl.)

gegn

Þrotabúi Svavars Helgasonar

(Þorsteinn Ingi Valdimarsson hdl.)

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar fyrr í dag, var þingfest 6. janúar 2015, en málið barst dómnum með bréfi skiptastjóra 26. nóvember 2014. Sóknaraðili er Elín H. Hauksdóttir, Lautasmára 4, Kópavogi. Varnaraðili er þrotabúi Svavars Helgasonar.

Sóknaraðili krefst þess að síðari liður kröfu hans, sbr. kröfulýsingu, dagsetta 25. febrúar 2014, nr. 5 á kröfuskrá varnaraðila, um afhendingu á 17.920 evrum, 1.320.000 krónum, 7,50 dönskum krónum, 8.961 dollara, 300 norskum krónum og 145 pundum, verði viðurkenndur utan skuldaraðar samkvæmt 109. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Þá krefst sóknaraðili einnig málskostnaðar.

Kröfur varnaraðila eru þær að kröfum sóknaraðila verði hafnað og varnaraðila úrskurðaður málskostnaður úr hennar hendi.

I

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 6. janúar 2014 var bú Svavars Helgasonar tekið til gjaldþrotaskipta. Í sama þinghaldi var Einar Hugi Bjarnason hrl. skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við skiptin er 9. júlí 2013.

Við athugun skiptastjóra á því hvaða eignir og réttindi tilheyrðu þrotabúinu kom í ljós að þrotamaður var skráður leigutaki að geymsluhólfi í útibúi Íslandsbanka hf. við Suðurlandsbraut í Reykjavík. Í kjölfarið tæmdi skiptastjóri hólfið. Ýmsir munir voru í hólfinu, bæði skjöl og peningar, svo sem nánar er rakið á framlögðu yfirliti.

Skiptastjóri lét birta innköllun í vefútgáfu Lögbirtingablaðsins 9. janúar 2014 og lauk kröfulýsingarfresti 9. mars 2014. Með kröfulýsingu 25. febrúar 2014, sem móttækin var af skiptastjóra degi síðar, lýsti sóknaraðili, en hún er eiginkona þrotamanns, tvíþættri kröfu í búinu á grundvelli 109. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Í fyrri lið kröfulýsingarinnar var krafist afhendingar á ýmsum skjölum sem sóknaraðili taldi sig eiga í hólfinu og tengdust atvinnurekstri hennar. Í síðari lið kröfulýsingarinnar var krafist afhendingar á þeim peningum sem reyndust vera í hólfinu er það var tæmt af skiptastjóra.

Hinn 26. mars 2014 sendi skiptastjóri kröfuskra þrotabúsins með rafrænum hætti til lögmanns sóknaraðila. Í kröfuskranum kom fram sú afstaða skiptastjóra að síðari lið kröfulýsingar sóknaraðila, þ.e. kröfunni um afhendingu peninganna, væri hafnað. Sú afstaða skiptastjóra byggðist á því að skilyrði 1. mgr. 109. gr. laga nr. 21/1991 væru ekki uppfyllt. Á skiptafundi 2. apríl 2014 var þeirri afstöðu skiptastjóra mótmælt af hálfu sóknaraðila. Fundir þar sem þess var freistað að jafna ágreininginn voru haldnir 27. maí 2014 og 21. nóvember 2014, en án árangurs. Vísaði skiptastjóri ágreiningnum því til dómsins á grundvelli 2. mgr. 120. gr., sbr. 171. gr., laga nr. 21/1991, sbr. fyrrnefnt bréf skiptastjóra 26. nóvember 2014.

Á skiptafundinum 27. maí 2014 afhenti skiptastjóri yfirlit yfir þá muni og fjárverðmæti sem voru í bankahólfinu. Byggist krafa sóknaraðila í málinu á yfirlitinu, en krafan er nokkuð lægri en kröfulýsing hennar hljóðaði á um. Á sama fundi féllst skiptastjóri á fyrri lið kröfulýsingar sóknaraðila og afhenti lögmanni hennar þá muni sem hún hafði gert kröfu um að fá afhenta.

II

Sóknaraðili vísar til þess að hún og þrotamaður hafi litið svo á að þau hefðu umrætt geymsluhólf á leigu í sameiningu. Leigugjald af geymsluhólfinu hafi verið greitt af sameiginlegum reikningi þeirra hjóna og hafi þau bæði haft óheftan aðgang að hólfinu. Af þeim sökum hafi munir, sem í hólfinu voru, alveg eins getað tilheyrt sóknaraðila eins og þrotamanni. Þrátt fyrir þá staðreynd hafi hvorki þrotamanni né sóknaraðila verið gefið tækifæri á að vera viðstödd þegar hólfíð var tæmt svo að þau gætu bent á eignir sem mögulega tilheyrðu þrotabúinu. Sóknaraðila hafi vissulega verið kunnugt um yfirvofandi gjaldþrot eiginmanns síns en hún hafi hins vegar verið alveg grunlaus um að skiptastjóri gæti tekið eigur hennar og fært inn í þrotabúið. Sóknaraðili hafi því enga þörf talið á því að taka fjármuni sína úr geymsluhólfinu.

Að sögn sóknaraðila er upplýst að allir þeir munir sem tilgreindir voru í fyrri lið kröfulýsingar sóknaraðila hafi tilheyrt henni en ekki þrotamanni. Þar hafi verið um veruleg fjárverðmæti að ræða sem á engan hátt hafi getað tilheyrt þrotamanni. Eins sé með þá peninga sem í geymsluhólfinu hafi verið. Þeir tilheyri sóknaraðila einnig alfarið. Telji sóknaraðili að skilyrði 1. mgr. 109. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. séu að öllu leyti uppfyllt í málinu fyrir afhendingu peninganna samkvæmt síðari lið kröfulýsingar hennar.

Sóknaraðili vísar til þess að á árinu 2009 hafi hún fengið arf vegna andláts móður sinnar að fjárhæð 9.023.200 krónur. Sóknaraðili hafi sett nær allan arfinn í geymsluhólfíð til varðveislu. Því til staðfestingar bendir sóknaraðili á að 28. júní 2010 hafi hún tekið 8.500.000 krónur út af persónulegum reikningi sínum í reiðufé, sem samsvari nokkurn veginn þeirri upphæð sem sóknaraðili hafi fengið í arf eftir

greiðslu erfðafjárskatts. Sama dag hafi sóknaraðili farið ásamt eiginmanni sínum með fjármunina í geymsluhólf. Ekki hafi verið krafist undirritunar beggja aðila. Samkvæmt áðursögðu telji sóknaraðili að hún og þrotamaður hafi bæði verið leigjendur geymsluhólfsins, enda hafi sóknaraðili nýtt hólfið sem sitt eigið, svo sem gögn þau sem í hólfinu voru beri ljóslega með sér. Verði leigusamningur um hólfið ekki skýrður á annan hátt, en sérstaklega sé getið um aðgang sóknaraðila að hólfinu í samningnum.

Einnig er á því byggt af hálfu sóknaraðila að þegar litið sé til skattframtala þeirra hjóna megi sjá að tekjur þrotamanns hafi undanfarin ár verið litlar sem engar. Síðustu árin hafi eina framfærsla þrotamanns verið í formi fjárframlaga frá sóknaraðila. Sóknaraðili sé hins vegar mjög fjársterk. Hún sé bæði í umfangsmiklum atvinnurekstri og eigandi að félögum í rekstri. Að virtum eignum og tekjum þrotamanns sé því ljóst að hann hafi ekki haft til umræða þá peninga sem í geymsluhólfinu voru heldur sóknaraðili.

Þá vísar sóknaraðili til þess að þar sem allir munir samkvæmt fyrri lið kröfulýsingar sóknaraðila hafi verið taldir hennar eign megi leiða líkur að því að önnur fjárverðmæti, sem í hólfinu voru, séu einnig hennar eign. Bendir sóknaraðili á í því sambandi að þrotamaður hafi ekki verið skráður fyrir neinum eignum og einungis verið skráður vörsluaðili bifreiðarinnar VU-821. Sóknaraðili sé hins vegar ein eigandi að fasteigninni Lautasmára 4 í Kópavogi og meðeigandi að hesthúsinu að Flugvöllum 4 í Garðabæ ásamt þriðja aðila. Þá sé sóknaraðili ein eigandi SHS veitinga ehf., en það félag eigi stóra eign sem öll sé í útleigu. Jafnframt hafi sóknaraðili rekið veitingastaðinn Lækjarbrekku á árunum 2011 til 2013, en það ár hafi hún selt reksturinn með verulegum hagnaði.

Sóknaraðili byggir enn fremur á því að hún hafi í gegnum tíðina lagt inn á geymsluhólfið erlendan gjaldeyri sem henni hafi áskotnast, einkum í tengslum við atvinnurekstur sinn. Þann erlenda gjaldeyri, sem viðskiptamenn Lækjarbrekku hafi innt af hendi, hafi sóknaraðili keypt fyrir íslenskar krónur og varðveitt í geymsluhólfinu. Með þeim hætti hafi sóknaraðili um nokkurt skeið safnað verulegum gjaldeyri í hinum ýmsu myntum. Þá liggi fyrir samkvæmt gögnum málsins að sóknaraðili hafi keypt dollara fyrir tæplega 1.000.000 króna sem skýri að stórum hluta þann gjaldeyri sem verið hafi að finna í geymsluhólfinu.

Samkvæmt öllu framangreindu telji sóknaraðili sig hafa fært sönnur á eignarrétt sinn að þeim fjármuninum sem í geymsluhólfinu voru og hún krefjist afhendingar á í máli þessu. Umræddir fjármunir hafi verið nægjanlega sérgreindir þar sem þeir hafi verið varðveittir í geymsluhólfinu og því ekki blandast við önnur fjárverðmæti, öfugt við það sem verið hefði ef sóknaraðili hefði lagt þá á innlánsreikning.

III

Varnaraðili kveðst mótmæla öllum kröfum, röksemdum og málsástæðum sóknaraðila. Á því sé byggt af hálfu varnaraðila að skilyrði 1. mgr. 109. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. séu ekki uppfyllt í málinu. Þar af leiðandi sé skiptastjóra óheimilt að afhenda sóknaraðila hina umkröfðu peninga, enda sé um að ræða eign þrotabúsins. Af dómaframkvæmd verði ráðið tvö að skilyrði þurfi að vera uppfyllt til þess að peningaeign í vörslum þrotabús verði afhent utan skuldaraðar. Annars vegar þurfi sá sem krefst peningafjárhæðar að sýna fram á eignarrétt að henni og hins vegar þurfi féð að liggja sérgreint í vörslum búsins. Sönnunarbyrðin um hvort skilyrðin séu uppfyllt hvíli samkvæmt þessu á sóknaraðila. Það sé mat varnaraðila að strangar kröfur verði að gera varðandi sönnun, enda séu gjaldþrotaskipti sameiginleg fullnustugerð þar sem gæta verði að jafnræði kröfuhafa. Varnaraðili telji að sóknaraðila hafi ekki tekist að axla sönnunarbyrði sína og sé hvorugt fyrrnefndra skilyrða uppfyllt í málinu.

Varðandi skilyrðið um sönnun á eignarrétti verði til þess að líta að 14. desember 2000 hafi þrotamaður undirritað samning um leigu á geymsluhólfi nr. 501 hjá Íslandsbanka hf. Samkvæmt skilmálum samningsins hafði aðeins þrotamaður, sem leigutaki, aðgang að geymsluhólfinu eða sá sem hann veitti til þess umboð. Með sama skjali hafi þrotamaður veitt sóknaraðila aðgang að geymsluhólfinu. Skjalið hafi ekki verið vottað líkt og áskilið hafi verið. Af skilmálum samningsins megi ráða að þrotamaður hafi verið eini leigutaki geymsluhólfsins. Þá riti hann einn undir samninginn. Af þessu leiði að löglíkur standi til þess að þrotabúið sé eigandi þeirra peninga sem geymdir voru í hólfinu, sbr. 72. og 73. gr. laga nr. 21/1991, enda fjármunirnir í vörslum þrotamanns.

Þau fjögur atriði sem sóknaraðili tiltaki í greinargerð sinni til sönnunar á eignarrétti sínum segir varnaraðili ekki geta hróflað við eignarrétti þrotabúsins. Til þess verði að líta að langur tími sé liðinn síðan umræddur arfur var greiddur út til sóknaraðila. Jafnframt sé sú peningafjárhæð í íslenskum krónum, sem verið hafi í hólfinu, aðeins brot af þeim arfi sem greiddur hafi verið út. Þá liggi ekkert fyrir um að sóknaraðili hafi farið ásamt þrotamanni með fjármuni í geymsluhólfið sama dag og hún tók þá út af sínum persónulega reikningi. Einnig fari því fjarri að upplýsingar um eignir og tekjur þrotamanns í sameiginlegum skattframtölum þeirra hjóna sanni eignarrétt sóknaraðila að þeim peningum sem voru í geymsluhólfinu, en óhjákvæmilegt sé að benda á að umrædd peningaeign var þar ekki talin fram. Þá hafni varnaraðili því alfarið að afhending hluta þeirra skjala sem fundist hafi í geymsluhólfinu leiði sjálfkrafa til þess að sóknaraðili teljist eigandi allra þeirra muna sem þar voru geymdir. Fyrir liggi að skiptastjóri hafi ekki afhent sóknaraðila öll þau skjöl sem geymd voru í geymsluhólfinu, sbr. framlagða fundargerð af skipta

fundi 27. maí 2014. Þá gildi strangari kröfur um afhendingu peninga en annarra verðmæta svo sem nánar verði vikið að síðar. Skýringum sóknaraðila á tilurð hins erlenda gjaldeyris, sem í geymsluhólfinu var, vísi varnaraðili á bug sem fjarstæðukenndum, enda sé eini löglegi gjaldmiðillinn á Íslandi íslensk króna, sbr. lög nr. 22/1968 um gjaldmiðil Íslands. Veitingastaðnum Lækjarbrekku væri því óheimilt að taka við greiðslum í erlendum gjaldeyri í starfsemi sinni. Þá sé til þess að líta að engin tilraun hafi verið gerð til þess að skýra tilurð alls gjaldeyrisins og á framlögðum kvittunum fyrir gjaldeyriskaupum komi hvergi fram hvaða gjaldmiðil var verið að kaupa hverju sinni. Samkvæmt öllu framangreindu megi ljóst vera að skilyrðið um sönnun eignarréttar sé ekki uppfyllt í málinu.

Hvað skilyrðið um sérgreiningu varðar tekur varnaraðili fram að sóknaraðili byggi málatilbúnað sinn meðal annars á því að bæði sóknaraðili og þrotamaður hafi haft óheftan aðgang að geymsluhólfinu og að þeir munir sem þar voru geymdir hefðu alveg eins getað tilheyrt sóknaraðila eins og þrotamanni. Það sé mat varnaraðila að þegar af þeirri ástæðu geti skilyrðið um sérgreiningu ekki verið uppfyllt. Við þær aðstæður hafi munir hvors aðila um sig blandast saman og því ómögulegt að átta sig á því hvor eigi hvað. Það sé áskilið með skilyrðinu um sérgreiningu að ekki fari á milli mála að sá sem haldi því fram að peningaeign sé í hans eigu hafi á réttu að standa. Því sé ekki fyrir að fara svo sem málum sé háttáð hér. Skilyrðið um sérgreiningu sé því ekki uppfyllt.

Samkvæmt öllu framangreindu telji varnaraðili að því fari fjarri að skilyrði 109. gr. laga nr. 21/1991 séu uppfyllt í málinu. Því beri dómnum að hafna kröfum sóknaraðila.

Til stuðnings kröfum sínum vísar varnaraðili til laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., einkum 72.-74. gr., 87. gr. og 109. gr. laganna. Þá vísar hann einnig til laga nr. 22/1968 um gjaldmiðil Íslands.

IV

Samkvæmt 109. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. skal afhenda eign eða réttindi í vörslum þrotabús þriðja manni ef hann sannar eignarrétt sinn að þeim. Öðrum rétt höfum skal með sama hætti afhenda eignir eða réttindi sem þrotabúið á ekki tilkall til. Í framkvæmd hefur verið talið að tvö skilyrði þurfi að uppfylla til að ákvæðið eigi við varðandi peninga. Annars vegar þarf sá sem krefst peninganna að sýna fram á eignarrétt sinn að þeim. Hins vegar þurfa peningarnir að liggja sérgreindir í vörslum búsins.

Fyrir liggur að 14. desember 2000 undirritaði þrotamaður samning um leigu á geymsluhólfi nr. 501 hjá Íslandsbanka hf. Samkvæmt efni samningsins höfðu aðeins þrotamaður, sem leigutaki, og sóknaraðili, á grundvelli heimildar sem þrotamaður veitti henni í samningnum, aðgang að geymsluhólfinu. Af skilmálum

samningsins má ráða að hann hafi einn verið leigutaki geymsluhólfins. Samkvæmt þessu þykir nægjanlega í ljós leitt að hinir umdeildu fjármunir hafi verið í vörslum þrotabúsins í skilningi 109. gr. laga nr. 21/1991 eftir uppkvaðningu úrskurðar um töku bús þrotamanns til gjaldþrotaskipta. Sú staðreynd að umræddur leigusamningur er ekki vottaður getur engu breytt við úrlausn málsins, enda ljóst að málatilbúnaður varnaraðila byggist á tilvist samningsins og þá hefur sóknaraðili ekki á nokkurn hátt vefengt gildi hans.

Sóknaraðila og þrotamanni ber saman um það að sóknaraðili sé eigandi þeirra peninga sem í geymsluhólfinu voru. Það eitt og sér dugar hins vegar ekki sem sönnun fyrir eignarrétti sóknaraðila að fjármuninum samkvæmt 109. gr. laga nr. 21/1991.

Þeirri staðreynd að þrotamaður var leigutaki geymsluhólfins samkvæmt samningi við Íslandsbanka hf. verður ekki jafnað til þeirrar aðstöðu að hann hafi verið skráður eigandi hinna umdeildu fjármuna opinberri skráningu. Þá þykir hinn óhefti aðgangur, sem fyrir liggur að sóknaraðili hafði að geymsluhólfinu, einn og sér draga verulega úr því sönnunargildi er tilgreining þrotamanns sem leigutaka getur haft varðandi eignarrétt á peningunum.

Fyrir liggur að hvorki sóknaraðili né þrotamaður töldu hina umdeildu fjármuni fram til skatts. Ekkert liggur fyrir um það af hálfu varnaraðila hvaðan þrotamanni áskotnaðist þeir peningar sem þrotabúið heldur fram að hafi verið í hans eigu, en samkvæmt framlögðum gögnum, þ.m.t. skattframtölum, hefur sóknaraðili verið eignalaus og afar tekjulítill, jafnvel tekjulaus, síðustu árin. Af hálfu sóknaraðila hefur hins vegar verið sýnt fram á að hún eigi allnokkrar eignir og hafi staðið í töluverðum rekstri síðustu árin. Þá bera framlögð gögn með sér að hún hafi keypt gjaldeyri í nokkrum mæli síðustu misserin. Það sem upplýst hefur verið í málinu um tekjur og eignastöðu sóknaraðila annars vegar og þrotamanns hins vegar þykir því vera til stuðnings þeirri fullyrðingu sóknaraðila að hún sé eigandi þeirra peninga sem í geymsluhólfinu voru.

Telja verður upplýst að leigugjald af geymsluhólfinu hafi verið greitt af sameiginlegum reikningi þrotamanns og sóknaraðila. Þá er samkvæmt áðursögðu upplýst að þau höfðu bæði óheftan aðgang að hólfinu, sbr. heimild þá sem þrotamaður veitti sóknaraðila er hann tók hólfíð á leigu. Þá verður og að telja upplýst að langflestir þeirra muna sem í hólfinu voru, aðrir en hinir umdeildu peningar, voru eign sóknaraðila og hefur hún þegar fengið þá afhenta frá skiptastjóra. Að þessu og öðru framangreindu heildstætt virtu þykir sóknaraðila hafa tekist að færa á það nægjanlegar sönnur að hún sé eigandi þeirra fjármuna sem í geymsluhólfinu voru.

Svo sem áður var rakið voru hinir umdeildu fjármunir í vörslum þrotabúsins í skilningi 109. gr. laga nr. 21/1991 eftir uppkvaðningu úrskurðar um töku bús þrotamanns til gjaldþrotaskipta. Varðandi það álitaefni hvort umræddir fjármunir hafi verið nægjanlega sérgreindir í vörslum búsins verður ekki framhjá því litið að í málinu er deilt um alla þá fjármuni sem skiptastjóri fann og tók úr geymsluhólfinu. Verður því ekki annað séð en peningarnir liggi fyrir til afhendingar. Samkvæmt því þykja þeir hafa verið nægjanlega sérgreindir í vörslum búsins. Að því gættu og með vísan til niðurstöðu dómsins hér að framan um eignarhald sóknaraðila á peningunum verður fallist á kröfur hennar í málinu.

Eftir úrslitum málsins, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 og 94. gr. laga nr. 21/1991, verður varnaraðila gert að greiða sóknaraðila málskostnað, sem hæfilega þykir ákveðinn svo sem í úrskurðarorði greinir.

Úrskurð þennan kveður upp Kristinn Halldórsson héraðsdómari.

ÚRSKURÐARORÐ:

Viðurkennd er utan skuldaraðar samkvæmt 109. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. krafa sóknaraðila, Elínar H. Hauksdóttur, sbr. síðari lið kröfu hennar samkvæmt kröfulýsingu, dagsettri 25. febrúar 2014, nr. 5 á kröfuskrá varnaraðila, þrotabús Svavars Helgasonar, um afhendingu á 17.920 evrum, 1.320.000 krónum, 7,50 dönskum krónum, 8.961 dollara, 300 norskum krónum og 145 pundum.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 600.000 krónur í málskostnað.

Kristinn Halldórsson